

TOPRO TROJA









Eirberg 



www.topro.no

.is

TOPRO TROJA M 814750
TOPRO TROJA S 814770





Leiðbeiningar um notkun á Troju göngugrind

1. Kynntu þér Troju göngugrindina

Áríðandi er að lesa notkunarleiðbeiningarnar áður en grindin er tekin í notkun.

Troja göngugrindin frá Topro er hönnuð og framleidd í Noregi. Grindin fylgir stöðlum Medical Device Directive 93/42/EEC. Hún er prófuð og samþykkt samkvæmt ISO 11199-2:2005.

Það er 5 ára ábyrgð á Troju grindinni en innifelur ekki ábyrgð á sliti (til dæmis á bremsum, hjólum eða sæti) eða skaða sem grindin verður fyrir. Ekki er tekin ábyrgð á því verði grindin fyrir hnjaski, eðlilegu sliti eða skemmdum, sem hljótast af rangri notkun. Vinsamlegast láttu seljanda strax vita ef þú uppgötvar skemmdir á grindinni við móttöku.

Skoðaðu myndirnar sem fylgja en númer á þeim tengjast númerum í texta.

Mál

Troja S (áður Ecco) er fyrir einstaklinga 135-170 cm á hæð

Troja M er fyrir einstaklinga 150-200 cm á hæð

- Hæð bremsuhandfanga Troja S 670-860 mm
- Hæð bremsuhandfanga Troja M 780-1000 mm
- Hæð samanlögð grind S 740 mm
- Hæð samanlögð grind M 800 mm
- Hámarks lengd 650 mm
- Lengd samanlögð grind 660 mm
- Hámarks breidd 610 mm
- Breidd samanlögð grind 240 mm
- Breidd á milli handfanga 470 mm
- Sethæð Troja S 540 mm
- Sethæð Troja M 620 mm
- Snúningsráðius 840 mm
- Þvermál fram- og afturhjóra 200 mm
- Breidd fram- og afturhjóra 36 mm
- Þvermál handfanga 35 mm
- Griplengd, akstursbremsu 65 mm
- Hámarks burðarþyngd Troja S 125 kg
- Hámarks burðarþyngd Troja M 150 kg
- Þyngd Troja S 7,1 kg
- Þyngd Troja M 7,4 kg
- Vörunúmer Troja S (silfurgrá að lit) 814770
- Vörunúmer Troja M (dökkgrá að lit) 814750

Öryggisatriði fyrir notkun



Göngugrindina á að nota samkvæmt leiðbeiningum .

Vertu varkár þegar þú leggur grindina saman eða tekur hana í sundur þannig að þú klemmir þig ekki.

Athugaðu hvort bremsurnar virki í hvert skipti sem þú ætlar að nota grindina.

Troju M grindina má ekki nota af einstaklingum sem eru þyngri en 150 kg og Troju S má ekki nota fyrir einstaklinga sem eru þyngri en 125 kg.

Í körfunni má ekki vera þyngri byrði en að hámarki 5 kg.

Ekki nota grindina til að flytja þunga byrði eða fólk.

Grindin er ekki ætluð sem leikfang fyrir börn.

2. Öryggisatriði við notkun

Gakktu úr skugga um að göngugrindin renni ekki frá þér. Þegar þú stoppar settu grindina ávallt í bremsu báðum megin **(A)**. Það á alltaf að toga upp bæði bremsuhandföngin þegar grindin er sett í bremsu. Þú verður að aðgæta að bremsurnar virki.

Áríðandi er að grindin sé ávallt í bremsu þegar sest er á hana eða þegar staðið er upp (A).

Hægt er að draga úr hraða með því að halda létt í bremsurnar **(B)**, en þær mega ekki vera læstar þegar ekið er með grindina.

Til að fá sem bestan stuðning af grindinni þá þarf grindin að vera vel upp við líkamann eins og kostur er **(C)**. Gakktu beint áfram, horfðu fram og haltu bakinu beinu **(D)**. Þannig heldur þú bestu jafnvægi.

Ekki ýta grindinni of langt frá þér þar sem það veldur óþarfa álagi og þú gætir dottið.

Vertu varkár ef þú klæðist víðum skyrtum eða buxum þar sem þær gætu flækst milli bremsunnar og hjólsins og valdið því að þú dettir. Við mælum ekki með því að þú klæðist of víðum fatnaði og notir grindina.

TROJA göngugrindin er hönnuð og prófuð til notkunar úti og inni.

Samsetning og stilling

Göngugrindin er samsett við afhendingu. Opnaðu grindina áður en þú notar hana. Það þarf að stilla hæðina á handföngum.

3. Opna göngugrindina/ Leggja göngugrindina saman

OPNA: Göngugrindin er opnuð með því að lyfta upp klemmunni (A). Ýttu sætisrörunum niður og út samtímis (B) þar til smellur í (læst). Göngugrindin er nú opin og tilbúin til notkunar

LOKA: Togaðu lykkjuna upp (C) og leggðu grindina saman. Læstu grindinni með því að festa handföngin saman með klemmunni (D).

4. Hæðarstilling á handföngum

LÆKKA: Losaðu skrúfuna (4-5 snúninga rangsælis) sem festir handföngin (A). Ýttu handfanginu (B) niður í slíðrið þar til það stoppar. Hertu skrúfuna aftur (A).

Hæðarstilling: Losaðu skrúfuna (4-5 snúninga rangsælis) sem festir handföngin (A).

Stilltu handfangið í rétta hæð fyrir þig (C) þar til það læst (smellur í). Hertu skrúfuna (A). Stilltu bæði handföngin í sömu hæð.

Það er mælt með því að stilla handföngin í úlnliðshæð þegar þú stendur bein/beinn með handleggi slaka niður með hliðum.

5. Hæðarstilling með minni

Þú hefur möguleika á að stilla aksturshandföngin í þá hæð sem þér hentar, þannig að þú getir án umhugsunar sett þau aftur í þá hæð. Þetta getur verið nauðsynlegt þegar göngugrindin er flutt á milli staða eða ef grindinni er lagt eins umfangslítilli og kostur er.

Finndu réttu hæðina á aksturshandföngunum. Teldu sýnileg göt, sem eru á bakhlið handfangsins. Losaðu skrúfuna (A) úr og dragðu handfangið upp úr slíðrinu. Fasti hlutinn fylgir rörinu. Dragðu handfangið upp (B). Festingin (C) fylgir nú handfangsrörinu. Taktu festinguna (C) og færðu hana til á rörinu (B) þannig að það séu jafn mörg göt sitt hvoru megin á bakhlið handfangsins eins og þú hefur talið. Festu minniskubbinn (D) á handfangsrörið í fyrsta gat undir festingunni (C). Ýttu handfangsrörinu (B) niður í göngugrindarrammann (E) þar til hann er læstur. Hertu skrúfuna (A) hálf leið inn. Dragðu handföngin (F) upp þar til þau stoppa og hertu skrúfuna (A) vel. Nú er handfangið í þeirri stöðu sem þú hefur ákveðið í hvert sinn sem þú dregur það upp.

6. Stilling, skoðun og viðhald á bremsum

Stilling og skoðun: Losaðu skrúfuna (A) sem er við hliðina á bremsunni. Hertu bremsuvírin (B) með stilliskrúfunni (C). Stilltu báðar bremsurnar þannig að fjarlægðin að hjólinu sé 2mm (D). Gakktu úr skugga um það að bremsurnar séu ekki hertar of mikið þannig að þær þrýsti inn í gúmmíð þegar að stöðubremsan (parking brake) er á.

Viðhald: Þrífðu bremsuna (E) og bremsugorminn (F) reglulega. Það er hægt að skipta um hjólin ef þau slitna eða skemmast.

2. Notkun á bremsum

Athugaðu að bremsurnar virki áður en þú notar grindina. Hvort bremsuhandfangið fyrir sig (A/B) virkar á annað afturhjólið. Hjólin eru úr mjúku gúmmí sem gefur bestu möguleikana á hemlun á hálum fleti. Röng notkun getur valdið ótryggum aðstæðum eða skemmt göngugrindina. **Göngugrindina má ekki þvinga eða ýta henni áfram þegar hún er í bremsu eða þegar hjólin eru að hluta læst með bremsunum. Ef það er gert þá þýðir það röng notkun á grindinni og getur slitið henni eða hluta hennar fyrir en ella sem rýra gæði bremsunnar og hjólanna.**

Stöðubremsur: Ýttu báðum bremsuhandföngunum (A) niður þar til þau læsast. Bæði afturhjólin eru læst. Þrýstu báðum bremsuhandföngunum upp til að losa bremsurnar.

Akstursbremsur: Dragðu bæði handföngin uppávið (B) til að draga úr hraðanum. **Ekki nota bremsurnar stöðugt þannig þegar þú gengur með göngugrindina.**

7. Sæti og karfa

Áður en þú sest á sætið (A) er nauðsynlegt að setja grindina í bremsu með því að ýta bremsuhandföngunum (B) niður. Athugaðu að bæði hjólin séu læst. Sætið gefur þér möguleika á að hvílast þannig að bakið snúi í áttina að körfunni (C). Það má setja vörur allt að 5 kg þungar í körfuna (D). Körfuna er hægt að taka af grindinni og má handþvo hana í 40° heitu vatni.

8. Hjólavörn og ástig

Hjólavörn: Bremsan (A) sem er staðsett að framanverðu við afturhjólið, varnar því að þú festir göngugrindina í hurðarkarma eða í horn.

Ástig: Stíðu með framhluta fótar á ástigið (B), sem er við hliðina á afturhjólinu, til þess að komast yfir þröskulda eða upp á gangstéttarbrún.

Efni og endurnýting

Hægt er að endurnýta hluta göngugrindarinnar og grindina sem og umbúðir. Göngugrindin er úr áli sem er endurnýtanlegt, og hlutar hennar eru úr plasti og polyester. Umbúðir og hlutar göngugrindarinnar sem eru úr plasti er einnig mögulegt að endurnýta.

Þrif

Það má gufuhreinsa grindina, sprauta á hana vatni og þvo með almennum hreingerningarlegi (uppþvottalegi). Það er mælt með því að þrifa grindina reglulega. Hár og ryk sem festist við hjólin ber að fjarlægja.

Sóttgreinsun

Ef það á að sóttgreinsa grindina þá þarf að gera það af einstaklingum sem hafa þjálfun og reynslu á því sviði. Við sóttgreinsun þarf sóttgreinsilög sem inniheldur 70-80% af ethanolí. Það má alls ekki nota sóttgreinsilög sem inniheldur klór (chloride) eða phenol. **Framleiðandi ber ekki ábyrgð á skemmdum sem er af völdum þrifa eða sóttgreinsunar vegna rangrar notkunar efna eða ef þrif eiga sér stað af einstaklingi sem hefur ekki heimild til þess.**

Geymsla

Þegar göngugrindin er ekki í notkun á hún að vera í uppréttri stöðu (hjólin á gólfi). Það má geyma hana úti eða inni. Ef hún er geymd úti þá hafa hana í skjóli og undir ábreiðu.

9. Flutningur

Það má ekki lyfta göngugrindinni með því að toga í sætislykkjuna eða taka í bremsuvírana. Leggðu grindina saman eins og sýnt er á myndinni. Lyftu göngugrindinni með því að taka í svörtu griprörin á sætinu (A).

Viðhald

Farðu yfir helstu hluta göngugrindarinnar eftir 6 mánuði og síðan einu sinni á ári.



Það þarf að athuga að eftirfarandi þættir séu í lagi:

Ramminn og rörin

Handföngin og slíðrið

Bremsurnar

Fram- og afturhjóll

Sætið og aukahlutir

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um göngugrindina þá eru þær veittar af starfsfólki Eirbergs ehf. Stórhöfða 25, 110 Reykjavík, sími 569 3100, eirberg@eirberg.is, www.eirberg.is

Hægt er að fá ýmsa aukahluti á göngugrindina svo sem stafahaldara, net fyrir súrefniskút, bakstuðning sem er að finna á yfirlitsmyndinni.

Ef grindin er greidd af Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) og bilar eða ef hún er ekki lengur í notkun þá er þér bent á að snúa þér til Hjálpartækjamiðstöðvar SÍ, Smiðjuvegi 28, Kópavogi, sími 515 0100.



Eirberg

Seljandi:

Eirberg ehf.

Stórhöfða 25,

110 Reykjavík

Sími 569 3100

Netfang: eirberg@eirberg.is

www.eirberg.is

Verslunin er opin alla virka daga kl. 9-18.